

Reglur um sérstakar húsaleigubætur í Hveragerði.

1.gr.

Skilgreiningar

Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og annarra félagslegra erfiðleika. Aðstæður umsækjenda eru metnar út frá ákveðnum viðmiðum sbr. 2. gr. og matsviðmið fylgiskjal. 1. Sérstakar húsaleigubætur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu á almennum markaði umfram almennar húsaleigubætur.

2. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn verði metin gild.

Við vinnslu umsóknar skal leita upplýsinga m.a. um félagslegar aðstæður, lögheimili, tekjur og eignir. Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi.

- a) Umsækjandi hafi ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði.
- b) Umsækjendur skulu verða orðnir 18 ára á umsóknardegi.
- c) Umsækjandi búi ekki í félagslegu húsnæði, eða öðru niðurgreiddu húsnæði.
- d) Umsækjandi eigi lögheimili í Hveragerði þegar sótt er um og a.m.k. síðustu 2 árin samfleytt áður en umsókn berst.
- e) Umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði um tekju- og eignarmörk. Tekjuviðmið eru neyslueining uppreiknuð miðað við fjölskyldustærð skv. reglum Hveragerðisbæjar um fjárhagsaðstoð. Tekjumörk fyrir einstakling eru 1,5 neyslueining nú kr. 1.785.528.- á ári Tekjumörk hjóna/sambúðarfólks er 1,5 x 1,6 neyslueining nú kr. 2.856845.- Auk þess kr. 450.000.- fyrir hvert barn á framfæri innan 20 ára. Eignarmörk eru tvöföld neyslueining nú kr. 2.382.608.- Tekjumörk eru miðuð við tekjur síðasta skattárs, auk tekna á umsóknarári. Heimilt er að taka tillit til skuldastöðu/greiðslubyrði umsækjanda. Námslán teljast til tekna skv. þessari grein.
- f) Skapist biðlisti eftir bótum, afgreiðast umsóknir samkvæmt stigafjölda sbr. fsk. 1.

3. gr.

Undanþágur frá skilyrðum

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 2. gr. um lögheimili og tekjuviðmið við eftirfarandi aðstæður:

Frá lögheimili:

- a) Umsækjandi hefur búið í Hveragerði stóran hluta ævi sinnar en flutt tímabundið úr sveitarfélaginu vegna húsnæðisvanda, náms eða vinnu.

Frá lögheimili og/eða tekjuviðmiði

- b) Umsækjandi er samkvæmt faglegu mati í mjög miklum félagslegum erfiðleikum sbr. 5. tölulið í matsviðmiði sbr. forsk. 1.

Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni. Félagsmálanefnd úrskurðar um undanþágur.

4. gr.

Fjárhæð

Sú heildarupphæð sem fer til greiðslu bótanna á ári hverju er ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar.

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðarr sem ákveðið hlutfall af almennum húsaleigubótum þannig að fyrir hverjar kr. 1.000,- fær leigjandi kr. 1.300,- í sérstakar húsaleigubætur. Húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 50.000,- og aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð.

5. gr.

Upplýsingar um aðstæður

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta skal gera grein fyrir öllum breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á umsókn og mat á henni.

6.gr.

Endurskoðun greiðslna sérstakra húsaleigubóta

Sérstakar húsaleigubætur eru ákvaðaðar til 6 mánaða í senn. Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta verður að fullnægja öllum skilyrðum 2. gr. allt það tímabil sem ákvörðun um bætur gildir. Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt verður greiðslu sérstakra húsaleigubóta hætt.

7.gr.

Málsmeðferð.

Meðferð máls er skv. ákvæðum XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 140/1991 og ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu og með vitund umsækjanda.

Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í viðeigandi ákvæði þessara reglna. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun nefndarinnar.

**8.gr.
Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 1.janúar 2008.

Fylgiskjöl:

1. Matsviðmið